



FUNDARGERÐ

9. fundur Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps
haldinn <https://us02web.zoom.us/j/6594700701> , 13. maí 2020
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Steindór Tómasson, Guðmundur Gíslason, Guðni Kristinsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri undir liðum 1-2.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 13052020 - 2005019

Rekstur jan-apríl

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri Rangárbíngs ytra kynnti rekstraryfirlit vatnsveitunnar fyrir janúar til apríl 2020. Rekstur er í jafnvægi.

2. Ársreikningur Vatnsveitu 2019 - 2005015

Ársreikningur til samþykktar.

Kynntur var endurskoðaður ársreikningur Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps bs. fyrir árið 2019. Rekstrarniðurstaða veitunnar var jákvæð um 25 mkr. Fjárfesting ársins var 54 mkr.

Ársreikningur 2019 var borinn undir atkvæði. Hann var samþykktur samhljóða og áritaður rafrænt af stjórnarmönnum.

3. Lántaka Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps vegna framkvæmda - 1901011

Ósk um ábyrgð eigenda vegna lántöku.

Stjórn vatnsveitunnar óskar eftir því við aðildarsveitarfélög að þau ábyrgist lántöku Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps bs að upphæð 110 mkr, hjá Lánasjóði sveitarfélaga, í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020. Um er að ræða fjármögnun á framkvæmdum við stækkun Lækjarbotnaveitu.

Samþykkt samhljóða.

4. Stækkun Lækjarbotnaveitu - 1908007

Verkfundargerð 5.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Veitustjóri upplýsti að framkvæmdir eru komnar á góðan skrið og ganga vel.

5. Yfirlit frá veitustjóra - 2005018

Staða mála.

Guðni G. Kristinsson veitustjóri fór yfir nokkur atriði úr rekstri veitunnar og kynnti stöðu helstu viðfangsefna.

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:50.

Haraldur Eiríksson

Steindór Tómasson

Guðmundur Gíslason

Guðni Kristinsson

Undirritunarsíða

Haraldur Eiríksson

Steindór Tómasson

Guðmundur Jóhann Gíslason

Guðni Gunnar Kristinsson

Valtýr Valtýsson

Ágúst Sigurðsson